

STARFSLEYFI

UST202303-105

Olíubirgðastöð

Olíudreifing ehf.

Örfirisey, Reykjavík

Kt: 660695-2069

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Olíudreifingu ehf. kt. 660695-2069, vegna olíubirgðastöðvar við Hólmaslóð í Örfirisey í Reykjavík. Olíudreifing ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Í olíubirgðastöðinni er heimilt að geyma allt að 72.000 m³ af olíu og bensíni á hverjum tíma, þar af í stærstu geymum allt að 9.100 m³ af olíu og allt að 9.100 m³ af bensíni. Þá er heimilt að geyma etanól og metanól í stöðinni.

Einnig er heimil móttaka og hreinsun á allt að 9.000 tonnum af úrgangsolíu á ári til endurnýtingar og dreifingar á markaði innanlands, sbr. reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs.

Starfsemin skal rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, og reglugerðar nr. 809/1999, um olíuúrgang.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tíðni vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsýning með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda

og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Áætlun skal vera til staðar til að bregðast við verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Annars vegar skal þar fjallað um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi. Með áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að ekki sé skilið eftir á svæðinu hráefni sem tilheyrir rekstrinum.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka meggi út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfisstofnun er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningarskylt er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvað hætti hann hyggst taka upp hina nýju tækni en rökstyðja annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.
- Ef vöktun eða upplýsingar leiða í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breyting verður á skipulagi, skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili tafarlaust upplýsa eftirlitsaðila um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögnum.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Rekstraraðili skal tryggja eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum að halda mengun lofts, láðs og lagar í lágmarki. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins vinnutíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsmenn olíubirgðastöðvarinnar og þjónustuaðilar, t.d. bílstjórar og vaktmenn, skulu vera þjálfaðir til að meðhöndla mengandi efni og bregðast við mengunaróhöppum auk þess að hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.

Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðili skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum, mengandi efnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir.

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt vera tiltækt á vinnustað ásamt afstöðumynd af birgðastöð, flæðiriti af stöðinni með merkingum geyma og lagna, viðbragðsáætlun og rekstrarhandbók.

Hindra skal óviðkomandi aðgang að birgðastöðinni með mannheldri girðingu og tryggja að hún sé í lagi, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 884/2017. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um bilanir í eftirlitsbúnaði sé notast við slíka tækni.

2.4 Áhættumat og viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Rekstraraðili skal einnig vera með viðbragðsáætlun um aðgerðir vegna mengunaróhappa á landi, sbr. reglugerð nr. 884/2017.

Í áætlununum skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili skal senda hlutaðeigandi viðbragðsaðilum, s.s. slökkviliði, afrit af áætlununum. Viðbragðsáætlanir skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Viðbragðsáætlanir skulu kynntar starfsfólki og vera tiltækar á vinnustað og aðgengilegar eftirlitsaðila.

2.5 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og heilsu manna. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.4. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112 Neyðarlínuna.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið og heilsu manna.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.6 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.7 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari eða aðrar mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili skal tryggja að notuð sé besta aðgengilega tækni (BAT) við mengunarvarnir, sbr. b. lið 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir skal haldið í lágmarki.

Besta aðgengilega tækni við geymslu efna, svo sem við geymslu olíubirgða, hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques on Emission from Storage, July 2006“.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar skv. gr. 1.6.

3.2 Útblástursloft

Útblástursloft frá bensíngeymum og loft frá gufuendurnýtingarbúnaði sem mengað er af bensíngufum skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 252/1999. Meðalstyrkur bensíngufu í útblæstri frá gufuendurnýtingarbúnaði, að meðtalinni leiðréttingu vegna þynningar við meðhöndlun, má ekki fara yfir 35 g/Nm³ á klukkustund, mælt skv. gr. 4.2.

3.3 Frágangur bensíngeyma

Bensíngeymar skulu vera útbúnir í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 252/1999 og árlegt heildartap á bensíni skal vera innan þeirra viðmiðunarmarka sem koma fram í 3. og 4. gr. reglugerðarinnar. Rekstur og viðhald á gufuendurnýtingarbúnaði til að endurnýta bensín úr gufum skal vera í samræmi við ákvæði í viðauka II í reglugerðinni.

3.4 Frágangur birgðageyma

Birgðageymar skulu vera í olíuheldri lekavörn, t.d. olíuheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera í samræmi við reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

3.5 Löndun olíu og áfylling flutningsgeyma

Til staðar skal vera útbúnaður á bryggjunni sem gagnast til að koma í veg fyrir olíuleka í sjó. Setja skal upp og fylgja verklagslagsreglum um löndun olíu, umgengni og viðhald áður nefnds búnaðar þar sem fram kemur hvernig öllum tengingum skal vera háttað og tryggt að olía sleppi ekki út í umhverfið.

Áfylling flutningsgeyma fyrir landflutninga skal fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju. Tengingar, úrtök og barkar skulu ekki leka. Koma skal í veg fyrir að geymar yfiryllist, t.d. með viðeigandi tækjabúnaði og/eða verklagsreglum.

3.6 Úrgangsolía

Öll geymsla, meðferð og hreinsun á úrgangsolíu skal vera í samræmi við reglugerð nr. 809/1999, um olíuúrgang, og fara fram á lekaheldu svæði tengt við olíuskilju. Til staðar skal vera verkferill sem tryggir að ekki myndist ólykt vegna meðhöndlunar úrgangsolíu, t.d. við að vatn sem er tappað undan úrgangsolíu blandist saman við heitt affallsvatn.

3.7 Frárennsli

Frárennsli frá lekavörnum skal leitt í gegnum olíuskiljur utan lekavarnar. Frárennsli frá hreinsun úrgangsolíu skal einnig leitt í gegnum olíuskiljur. Olíuskiljur skulu uppfylla kröfur reglugerðar nr. 884/2017. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Nota skal sandföng og olíuskiljur eða annan búnað sem dugar til þess að ná þessum mörkum. Gerð skilju miðast við staðla ef reglugerð kveður á um það.

Virkni olíuskilja, viðvörunarbúnaðar og sjálfvirks lokunarþúnaðar, sé hann til staðar, skal yfirfarinn a.m.k. á sex mánaða fresti. Fjarlægja skal olíu úr olíuskilju ekki síðar en þegar um 50% af uppgefinni olúrýmd skiljunnar er náð. Tæma skal sandfang þegar uppsöfnun hefur náð 50% af uppsöfnunarrými fyrir sand og fastefni, varast skal að söfnun fari yfir 80% af uppsöfnunarrými.¹ Frárennislagnir við þrær skulu vera með lokum sem hafðir eru lokaðir nema þegar hleypt er úr þeim, eða búnar sjálfvirkum lokunarþúnaði sem lokar fyrir rennsli, fari olíumagn í olíuskilju yfir hámark.

3.8 Lífríki og flokkun vatns

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu vatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru fyrir þau. Reksturinn má ekki valda því að ástandi nærliggjandi vatnshlota hraki. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflökka í vatnaáætlun.

3.9 Lekavarnir

Frágangur á geymum og lögnum skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017. Olíulagnir sem eru neðanjarðar, skulu vera tæringarvarðar.

Ofanjarðarlagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leki ef þær eru ekki þrýstiprófaðar. Í viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.4, skal kveðið á um viðbrögð vegna leka, til dæmis um búnað og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni (ísogsefni, uppburkkunarefni), notkun á lekabyttum og verklag við að hreinsa olíu sem lekur eða smitast út.

3.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Meðferð úrgangs og spilliefna skal fara eftir lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs auk reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Fullnýta skal hráefni og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er og þannig skal draga skipulega úr myndun úrgangs.

Skrá skal spilliefni sem myndast vegna starfseminnar skv. 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni í samræmi við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Þá skal tryggt að starfsmenn hafi þekkingu á geymslu og meðhöndlun

¹Byggt á ÍST EN 858:2003 staðli og viðmiðum Umhverfisstofnunar.
Síða 7 af 13

spilliefna og mögulegri hættu sem af þeim getur stafað. Skila skal þeim spilliefnum sem verða til vegna starfseminnar til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum.

Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er óheimil. Úrgang frá starfseminni, skal flytja reglulega til meðhöndlunar skv. lögum nr. 55/2003. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna. Þessar kvittanir skulu aðgengilegar eftirlitsaðila.

3.11 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá stöðinni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og töflu III í viðauka sömu reglugerðar.

3.12 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.4.

4 INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók og skrá í hana í samræmi við reglugerð nr. 884/2017. Rekstrarhandbókin skal vera aðgengileg fyrir starfsmenn og eftirlitsaðila. Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið og skrá einnig reglulega eftirfarandi upplýsingar í rekstrarhandbók:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olúskiljur og yfirferð á virkni olúskilja, viðvörunarbúnaði þeirra og sjálfvirkum lokunarbúnaði, sbr. gr. 3.7,
- eftirlit með úrtökum og lausum tengingum,
- prófun og kvörðun mælitækja,
- niðurstöður mælinga og prófanna,
- breytingar á stöðinni,
- mánaðarlegt birgðauppgjör,
- magn og gerð móttækinnar úrgangsolíu,
- magn og gerð efnis sem er sent til endurvinnslu, endurnýtingar og förgunar,
- magn og gerð efnis sem er sent til spilliefnamóttöku, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar,
- magn og gerð úrgangs og spilliefna sem verða til við aðgerðir sem gera hreinsaða úrgangsolíu hæfa til sölu og dreifingar á markaði,

- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- þjálfun starfsfólks sbr. gr. 2.3.

4.2 Mæling á virkni gufuendurnýtingarbúnaðar

Að minnsta kosti árlega skal rekstraraðili mæla virkni gufuendurnýtingarbúnaðar. Umhverfisstofnun skal samþykkja mæli- og greiningaraðferðir og skulu mælingarnar fara fram í samræmi við ákvæði II. viðauka reglugerðar nr. 252/1999 um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensinstöðva.

4.3 Prófanir og úttektir

Rekstraraðili skal láta fara fram prófanir og úttektir í samræmi við reglugerð nr. 884/2017 og skrá niðurstöður þeirra í rekstrarhandbók.

Eftirlitsaðili getur farið fram á að gerðar séu hávaðamælingar ef ástæða þykir til.

4.4 Kostnaður og aðstaða til mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu auk vöktunar ef ástæða er til að halda að mengun umhverfis sé yfir mörkum sem gefin eru í starfsleyfi. Umhverfisstofnun getur krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

Tryggja skal við hönnun mannvirkja að góð aðstaða sé til mælinga og eftirlits með losun samkvæmt starfsleyfi þessu og þeim mæliáætlunum sem starfsleyfið kveður á um.

5 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemin þessi fellur undir 4. tl. viðauka II laga nr. 7/1998 og 4. tl. viðauka IX. reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu starfsleyfisins, eftirlits og beitingu þvingunarúrræða skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

6 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2036.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um endurnýjun á starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 21. nóvember 2024

Umhverfisstofnun

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Edda S. Freysteinsdóttir
sérfræðingur

VIÐAUKI

Yfirlit yfir skil:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðin skil tilgreindir:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 2.4 er kveðið á um að rekstraraðili skuli vera með viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda og viðbragðsáætlun um aðgerðir vegna mengunaróhappa á landi sem skuli endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 4.2 er kveðið á um að minnsta kosti árlega skuli gerð mæling í virkni gufuendurnýtingarþúnaðar vegna losunarmarka í gr. 3.2.
- Í gr. 4.3 er kveðið á um tíðni annarra eftirlitsmælinga.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

FYLGISKJAL 1

Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis Olíudreifingar ehf., Örfirisey, 101 Reykjavík.

1. Almenn

Starfsleyfi Olíudreifingar ehf. var upphaflega gefið út af Umhverfisstofnun þann 2. janúar 2006 og gildi til 31. janúar 2024.

Olíudreifing ehf. sótti um endurnýjun á starfsleyfi þann 9. mars 2023. Starfsleyfisumsókn Olíudreifingar ehf. var samþykkt fullnægjandi þann 2. nóvember 2023. Með ákvörðun Umhverfisstofnunar dags. 30. janúar 2024 var starfsleyfi olíubirgðastöðvarinnar framlengt til 31. janúar 2025 á meðan nýtt starfsleyfi væri í vinnslu, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998.

Þann 10. apríl 2024 óskaði Umhverfisstofnun eftir upplýsingum um heildarumfang starfseminnar til að geta tiltekið það í starfsleyfinu.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 og 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, á tímabilinu 27. september 2024 til og með 28. október 2024. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 27. september 2024. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, Reykjavíkurborgar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Við starfsleyfisgerðina kom fram að Olíudreifing ehf. vildi fá heimild til móttöku og hreinsunar á allt að 9.000 tonnum af úrgangsolíu. Þar sem sú framkvæmd er stærri en framkvæmd Olíudreifingar upp á 6.000 tonn sem Skipulagsstofnun tók ákvörðun um matskyldu þann 19. maí 2021, var rekstraraðila leiðbeint um að tilkynna þyrfti aukninguna til Skipulagsstofnunar.

Olíudreifing tilkynnti Skipulagsstofnun um breytta framkvæmd þann 4. júní 2024, þ.e. til móttöku og hreinsunar á meira magni af úrgangsolíu. Niðurstaða Skipulagsstofnunar, þann 2. ágúst 2024, var sú að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfisstofnun veitti umsögn vegna málsins, dagsett 3. júlí 2024, þar sem kemur fram að stofnunin telur ekki líklegt að aukið umfang muni hafa í för með sér aukin umhverfissáhrif og því eigi framkvæmdin ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.²

3. Skipulag og gildistími starfsleyfis

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 kemur fram að starfsemi olíubirgðastöðva í Örfirisey sé víkjandi samanber eftirfarandi á bls. 104 í aðalskipulaginu: *9.1. H1a. Örfirisey - olíuhöfn. Á svæðinu skal eingöngu vera birgða-, rekstrar- og þjónustustarfsemi olíustöðvar. Starfsemin er víkjandi og hún verði lögð af fyrir lok gildistíma aðalskipulags. Olíubirgðastöð í Örfirisey er með starfsleyfi sem gildir til ársins 2024. Lóðarleigusamningur gildir til ársins 2036.*

Vegna þessa óskaði Umhverfisstofnun þann 9. ágúst 2023 eftir staðfestingu skipulagsfulltrúa á því að starfsemin samræmdist skipulagi. Svar barst við þeirri beiðni þann 16. október 2023, þar sem kom fram að vegna ákvæða aðalskipulagsins væru vart forsendur til að gefa út starfsleyfi til lengri

² <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/1371#akm>.

tíma en 12 ár. Í kjölfar þessa svars hélt Umhverfisstofnun fund með deildarstjóra aðalskipulags hjá Reykjavíkurborg og skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna þar sem ákveðið var að Umhverfisstofnun myndi óska eftir formlegri umsögn þessara aðila sem að stofnunin gerði 1. nóvember 2023. Í umsögn Faxaflóahafna sf. sem barst þann 15. nóvember 2023, var ekki gerð athugasemd við endurnýjun leyfis til 12 ára. Í umsögn Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dagsett 30. nóvember 2023, kemur eftirfarandi fram:

Á grundvelli ofangreindra ákvæða aðalskipulagsins og með hliðsjón af gildistíma lóðarleigusamninga, eru ekki forsendur til að gefa út starfsleyfi til lengri tíma en 12 ára. Það er í samræmi við ákvörðun Faxaflóahafna frá 15. nóv. sl. um að gera ekki athugasemd við endurnýjun leyfis til 12 ára.

Á grundvelli ofangreindra ákvæða aðalskipulagsins og með hliðsjón af gildistíma lóðarleigusamninga og umsögnum Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur og Faxaflóahafna, var ákveðið að gefa út starfsleyfi til 12 ára.

4. Athugasemdir við auglýsta tillögu

Engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar á auglýsingatíma.

5. Breytingar frá auglýstri tillögu

Ekki hafa verið gerðar efnislegar breytingar frá auglýstri tillögu aðrar en lagfæringar á stafsetningu og orðalagi.

6. Gildistaka

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Olíudreifningar ehf., Örfirisey, 101 Reykjavík. Umhverfisstofnun sendir starfsleyfið til rekstraraðila eftir ákvörðun um útgáfu og undirskrift.